

# **Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ 2003**

## **Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar**



### **Framkvæmd af Netheimum ehf**

***Í samstarfi við Atvinnumálafulltrúa Ísafjarðarbæjar og AtVest***

Könnun framkvæmd á tímabilinu: Apríl – Júní

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b>	3
<b>2. Framkvæmd og úrvinnsla</b>	3
<b>3. Niðurstöður</b>	4
<b>3.1.</b> Tegundagreining starfsemi og fjöldi starfsmanna	4
<b>3.2.</b> Starfsmannamál	6
<b>3.3.</b> Ástand og horfur	8
<b>3.4.</b> Internet-notkun og viðhorf til ýmissa ytri þátta	10
<b>3.5.</b> Samþykki um gagnaskráningu og vefpósts-samskipti	16
<b>4. Lokaorð</b>	18
<b>5. Viðaukar</b>	19
<b>Viðauki 1.</b> Atvinnulífsskönnun í heild	19
<b>Viðauki 2.</b> Bréf sem sent var út með könnun	23
<b>Viðauki 3.</b> Samanburður úr viðhorfsspurningum 16 og 17	25

# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

## 1. Inngangur

Í febrúarmánuði 2003 ákvað Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar að láta gera könnun um stöðu atvinnulífs í bæjarfélaginu. Ekki hafa legið fyrir upplýsingar um stöðu atvinnulífsins þar til nú. Netheimum ehf á Ísafirði var falin framkvæmd og úrvinnsla könnunar í samráði við Atvinnumálafulltrúa Ísafjarðarbæjar og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Tilgangur verkefnisins var að fá nokkra yfirsýn yfir einstaka þætti s.s. mati á fjölda ársverka, tegund starfsemi, stöðu fyrirtækja, þróun afkomu og horfum. Að auki var óskað eftir viðhorfum forsvarsmanna fyrirtækja til einstakra þátta í ytra umhverfi sínu og þá var helst litið til þátta í þjónustu sveitarfélagsins ásamt almennum búsetuskilyrðum.

## 2. Framkvæmd og úrvinnsla

Ákveðið var að framkvæma könnunina með rafrænum hætti þ.e. sett var upp gagnagrunnstengd vefsíða þar sem hægt var að svara könnun. Þátttakendur fengu sendar upplýsingar um vefslóð ásamt notendanafni og aðgangsorði að vefsíðu könnunar. Einnig gafst tækifæri til að svara könnuninni skriflega ef þess var óskað. Alls voru send út bréf til 296 fyrirtækja/rekstraraðila og svöruðu alls 103 þeirra könnuninni eða rúmlega þriðjungur (~35%). Af þessum 296 aðilum eru 84 með rekstur skráðan á eigin kennitölu, flestir starfandi í landbúnaði og útgerð. Svarhlutfall úr þessum hópi reyndist lakast, eins og reyndar við var búist, en þó nægjanlega mikið til þess að áætla megi fjölda stöðugilda í þessum greinum.

Sérstök áhersla var lögð á að stærri fyrirtæki og opinberir aðilar tækju þátt í könnuninni. Svörun úr þessum hópi verður að teljast mjög góð eða um 95%. Ef litið er til þess að heildarfjöldi starfsmanna, hjá þeim sem þátt tóku í könnuninni, var um 1730 í rúmlega 1440 stöðugildum þá má áætla að það nái til 80-85% af heildarfjölda á vinnumarkaði bæjarfélagsins.

Æskilegt hefði verið að svarhlutfall hefði verið hærra en þess ber að geta að í sambærilegri könnun, sem framkvæmd var á síðasta ári á vegum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, var svarhlutfall mun lakara (~14%). Með fyrirvara um að mat á hlutfalli heildarfjölda starfsmanna á vinnumarkaði (~2000 - 2200) sé ekki fjarri lagi þá má telja að könnunin gefi nokkuð glögga mynd af þeim þáttum sem henni var ætlað að meta.

Þegar litið er yfir framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar má draga nokkurn lærdóm af hvað betur hefði mátt fara í einstökum þáttum, þó í heild hafi nokkuð vel tekist til. Fyrirfram var vitað að nokkur tími færi í

# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

uppsetningu vefsíðu og gagnagrunns tengdri henni, en ávinningur að þurfa ekki að skrá upplýsingar handvirkt inn er þó augljóslega mjög mikill. Úrvinnsla gagna tók nokkuð lengri tíma en áætlað hafði verið af ýmsum orsökum sem ekki verða raktar hér í smáatriðum.

Niðurstöður könnunarinnar verða síðan notaðar af Atvinnumálanefnd og bæjaryfirvöldum sem hluti af þeim grunni sem nauðsynlegur er við stefnumótun í atvinnumálum bæjarfélagsins.

## 3. Niðurstöður

Skipta má könnuninni upp í fimm flokka, þar sem spurningar;

0 – 4 taka til tegundagreiningar og meðalfjölda starfsmanna

5 – 9 tengjast einstökum þáttum starfsmannamála rekstraraðila

10 – 14 tengjast mati forsvarsmanna á stöðu og horfum í rekstri

15 – 17 leita eftir viðhorfum til þátta í innra og ytra umhverfi fyrirtækja

18 – 20 leita eftir samþykki/óskum aðila tengdri könnuninni

Valin er sú leið að birta niðurstöður í hverjum flokki á myndrænu formi og draga síðan saman markverðustu upplýsingar í lok hvers flokks.

Undantekningu frá þessu er þó að finna við spurningar í flokkum 3.1 og 3.4 enda um að ræða mjög umfangsmiklar spurningar sem rétt þótti að skoða sérstaklega.

### 3.1. Tegundagreining starfsemi og fjöldi starfsmanna (0 – 4)

Hlutfall hvernar starfsemistegundar er reiknað sem hlutfall af heildarfjölda stöðugilda í könnuninni.


Rétt er að taka fram að sundurgreining starfssemistegunda var nokkuð ítarlegri í könnun (sjá viðauka 1) en það var gert í þeim tilgangi að fá betri yfirsýn og hugsanlega frekari úrvinnslu síðar.

Samanburður milli ára 2001 og 2002 leiddi í ljós óverulega breytingu milli ára og því er einungis birt eitt skífurit fyrir þessi tvö ár.

**Athugið!** (ábending til þeirra sem lesa skýrslu í grátóna-upplausn: aflestur skífurita er réttisælis í sömu röð og valkostir eru tilgreindir)

# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ

## Spurning 0: Tegund starfsemi.



Opinber starfsemi skiptist í tvo flokka þ.e. ríkisrekstur (~21%) annars vegar og rekstur á vegum bæjarfélagsins (~20%) hinsvegar. Óverulegar breytingar eru milli áráanna 2001 og 2002 hjá opinberum aðilum. Heildarfjöldi stöðugilda hjá þeim ríkisstofnunum er þátt tóku í könnun reyndist um 330, líklegt er að heildarfjöldi stöðugilda á vegum ríkisins í Ísafjarðarbæ sé um 350.

Um 2% aukning er í fjölda stöðugilda í Fiskvinnslu/Útgerð milli ára hjá þeim aðilum er þátt tóku í könnun. Vegna þess hve mikið vantaði á svörun frá sjálfstæðum útgerðaraðilum og einstaka fiskverkunum þá má gera ráð fyrir nokkru meira vægi þessa flokks en hér er sýnt.

Iðnaður stendur nánast í stað milli ára en þó má greina tilfærslu innan einstakra greina. Helstu breytingar eru samdráttur í byggingariðnaði og iðnfyrirtækjum sem sérhæfa sig í þjónustu en á sama tíma er aukning hjá þeim iðnfyrirtækjum þar sem iðnframleiðsla er meginstarfsemi.

Örlítinn samdrátt, ~3%, má merkja í flokknum Verslun/Önnur þjónusta milli ára.


Önnur matvælaframleiðsla, til þessa flokks tilheyra m.a. þau fyrirtæki í vinnslu sjávarfangs sem ekki eru í hefðbundinni bolfiskvinnslu. Valin var sú leið að telja þá fáu bændur sem svöruðu könnun með undir þessum flokk. Umfang svipað milli ára.

Um 15% aukning er milli ára í Ferðaþjónustu þannig að stöðugildum þar fjölga úr 27 í 35.

# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ

Bankar/Önnur fjámalastarfsemi hafa svipað umfang milli ára.

## **Spurningar 1 – 4: Meðalfjöldi starfsmanna/stöðugilda.**




Mjög litlar breytingar eru í heild milli ára í fjölda starfsmanna/stöðugilda en þó má merkja um það bil 1% aukningu í fjölda stöðugilda og 1,3% í starfsmannafjölda.

### **3.2. Starfsmannamál (5 – 9)**


Í þessum hluta eru ýmsir þættir starfsmannamála skoðaðir.

#### **5. Eru miklar árstíðarbundnar sveiflur í starfsmannafjölda?**




## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ


### **6. Hverjar eru horfur á yfirstandandi ári varðandi fjölda starfsmanna?**




### **7. Hafa verið erfiðleikar við að fá fólk til starfa?**



### **8. Ef svarið var já við spurningu 7, merktu þá við hvaða hópur lýsir best menntun/eiginleikum starfsmanna sem leitað var eftir.**



### **9. Hefur fyrirtækið mótað starfsmannastefnu?**



Samantekið fyrir spurningar 5 til 9 þá má segja eftirfarandi;

- að ekki er um miklar árstíðabundnar sveiflur að ræða
- ekki eru horfur á verulegum breytingum á starfsmannafjölda á árinu
- ekki hafa verið teljandi vandkvæði með starfsmannaráðningar
- helst ber á skorti á ófaglærðu starfsfólki
- nokkuð stór hluti fyrirtækja hafa mótað sér starfsmannastefnu


Fátt kemur á óvart í þessum niðurstöðum, helst er það athyglisvert hve mörg fyrirtæki hafa mótað sér starfsmannastefnu. Skýringu á hve mikil þörf virðist fyrir ófaglært starfsfólk má sennilega að hluta til rekja til erfiðleika fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækja við að fá fólk til starfa.

### **3.3. Ástand og horfur (10 – 14)**


Þessum hluta könnunar er ætlað að kanna hvernig ástand og horfur eru varðandi rekstur þegar litið er til þátta eins og verkefnastöðu, veltu og afkomu.

### **10. Hver(t) er verkefnastaða/umfang starfsemi miðað við sama tíma fyrir ári síðan?**


## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ



### 11. Hefur velta fyrirtækis/reksturs breyst síðustu tvö ár?




### 12. Hvernig var afkoma fyrirtækis/reksturs á síðasta ári (2002)?




## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

### 13. Hvernig metur þú horfur á afkomu fyrirtækis/reksturs á þessu rekstarári?



### 14. Hvaða þættir hafa neikvæðust rekstarleg áhrif?



Samantekið úr þessum spurningaflokki má segja eftirfarandi;

- tæplega 80% fyrirtækja telja að verkefnastaða/umfang reksturs verði svipuð eða betri á þessu ári en á síðasta ári.
- velta hefur aukist hjá ríflega helmingi fyrirtækja frá árinu 2001
- jafnstórt hlutfall fyrirtækja er rekið með hagnaði annars vegar og tapi hins vegar

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

- ágæt fylgni virðist vera milli niðurstaðna spurninga 10 og 13
- hátt hlutfall þeirra forsvarsmanna sem telja aðra þætti en þá, sem fyrirfram voru taldir líklegir, kemur nokkuð á óvart.


Eins og fram kemur hér að ofan þá virðist vera nokkuð góð fylgni í niðurstöðum úr spurningum 10 og 13 um umfang og afkomuhorfur milli ára 2002 og 2003. Velta eykst hjá ríflega helmingi fyrirtækja en þrátt fyrir það þá skilar tiltölulega lágt hlutfall fyrirtækja í heild hagnaði af rekstri sem hlýtur að vekja umhugsun.

Úr niðurstöðum spurningar 14 má ráða að aðgengi að fjármagni virðist ekki vandamál, en athygli vekur hve hátt hlutfall fyrirtækja telur skort á sérhæfðu vinnuafli hafa neikvæðust rekstarleg áhrif. Lágt hlutfall úr valkostunum „Flutningskostnaður/Samgöngur“ og „Gengisþróun“ má skýra með að þessir þættir vega þyngst hjá stærri fiskvinnslufyrirtækjunum, rækjuvinnslu og iðnfyrirtækjum sem eru í útflutningi. Þessi fyrirtæki eru þó tiltölulega fá að tölu og endurspeglast því ekki umfang þeirra í atvinnulífi í þessum tölum.

### 3.4. Internet-notkun og viðhorf til ýmissa ytri þátta

**Skýring við spurningu 15:** Notkun tölvupósts, bankaviðskipti og upplýsingaöflun á Interneti er skilgreind sem „Grunn\_notkun“.

### **15. Merktu við þann valmöguleika sem best lýsir Internet-notkun fyrirtækis/reksturs.**




## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ


Þessi niðurstaða skýrir sig nokkuð sjálf, en athygli vekur hve stór hluti heldur úti heimasíðu. Niðurstaðan er að rúmlega fimmtungur fyrirtækja notar Internetið á nokkuð virkan hátt.

**16. Nú verða taldir upp nokkrir þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja þar sem sveitarfélagið hefur bein áhrif á. Gefðu einkunn í hverju tilviki á bilinu 1 til 5. Einkunnin 1 merkir að þætti er mjög ábótavant og einkunnin 5 að þáttur sé til fyrirmyndar.**

Aðgengi að stjórnsýslu




Skilvirkni stjórnsýslu




# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ


Þjónustugjöld



Fasteignagjöld



Atvinnustefna/-þróun




Hér kemur fram afstaða forsvarsmanna til nokkurra þátta sem snerta þjónustu sveitarfélagsins í forni einkunna. Almennt má segja um þennan hluta könnunarinnar;

## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ


- menn telja aðgengi að stjórnsýslu almennt gott en nokkuð vanti á skilvirkni
- um 45% telja þjónustugjöld há eða mjög há, meiri sátt er um fasteignagjöld þar sem einungis um þriðjungur álitur þau of há
- atvinnustefna er hins vegar ekki álitin sérstök og telur rúmlega helmingur svarenda henni ábótavant eða mjög ábótavant

**17. Eftirtaldir þættir í þjónustu og afbreytingu í sveitarfélaginu hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því miklu í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Gefðu framboði/gæðum einstakra þátta einkunn með sama hætti og í spurningunni að ofan.**

Dagvistun/menntun




Æskulýðs-/iþróttastarf




# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ


## Meningarframboð



## Heilsugæsla




## Verslun/vöruverð




# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

Húsnæðismarkaður



Samgöngur



Hér er kannað viðhorf til sjö þátta í ytra umhverfi fyrirtækja sem skipta miklu um búsetuskilyrði almennt í Ísafjarðarbæ. Niðurstaðan verður að teljast afar góð þar sem um 62 – 80% telja fimm af sjö skilyrðum góð eða mjög góð.

Helst eru það samgöngur og húsnæðismarkaður sem skera sig úr. Í heildina verður ekki dregin önnur ályktun en að þessir þættir í ytra umhverfi séu í góðu lagi að mati forsvarsmanna fyrirtækjanna.


## 3.5. Samþykki um gagnaskráningu og vefpósts-samskipti (18-20)

Ekki er þörf á sérstökum skýringum á spurningum í þessum hluta.


**18. Við óskum eftir afstöðu þinni til þess að skrá grunnupplýsingar um fyrirtæki þitt í gagnagrunn sem verði aðgengilegur á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Grunnupplýsingar**

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

**Þessar eru; Nafn fyrirtækis, heimilisfang, tegund starfsemi, sími ásamt netfangi og veffangi þar sem við á.**




**19. Til þess að gera samskipti og upplýsingamiðlun Ísafjarðarbæjar og fyrirtækja/rekstraraðila auðveldari í framtíðinni þá er einfaldast að gera slíkt með rafrænum hætti, ef netfang er til staðar. Til að gera slíkt mögulegt þá er leitað eftir afstöðu þinni til þess að skrá netfang fyrirtækis/rekstraraðila á netfangalista.**



**20. Að lokum gefst þér kostur á að fá niðurstöður þessarar könnunar sendar þegar úrvinnslu er lokið. Veljið eftirfarandi;**

## Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ



Flestir forsvarsmenn fyrirtækja samþykkja skráningu á grunnupplýsingum um fyrirtæki sín í gagnagrunni og jafnframt að hægt verði í framtíðinni að nota rafræn samskipti milli fyrirtækis og bæjaryfirvalda. Það einfaldar til muna öll samskipti og upplýsingagjöf milli sveitarfélagsins og forsvarsmanna fyrirtækja.

#### 4. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangi skýrslu hafa ekki legið fyrir upplýsingar eins og hér liggja fyrir áður, ef frá er talin gagnagrunnur um skráð fyrirtæki og rekstaraðila sem tekin var saman árið 1997. Ef gagn á að vera af upplýsingasöfnun og greiningu af þessu tagi þá er þörf á að framkvæma samskonar könnun, helst árlega en eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Ef litið er til niðurstaðna í heild þá má segja að ástand atvinnulífs sé nokkuð gott þó greina megi nokkra þætti í þjónustugreinum þar sem samdráttur hefur orðið í kjölfar breyttra ytri aðstæðna. Þær upplýsingar sem hér liggja fyrir ættu að nýtast vel, til hliðsjónar með öðrum þáttum, við stefnumótun í atvinnumálum bæjarfélagsins.

Niðurstöður könnunar verða einnig kynntar á sérstakri vefsíðu, þeir tæplega 90% þátttakenda sem óskuðu eftir niðurstöðum á rafrænu formi fá senda slóð á síðu í rafpósti.

Öllum þeim einstaklingum og forsvarsmönnum fyrirtækja sem þátt tóku í könnun er færðar þakkir fyrir þeirra framlag. Einnig ber að þakka öllum þeim sem lásu frumdrög skýrslu yfir og komu með gagnlegar ábendingar við lokavinnslu hennar.

# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

## Viðauki 1 : Atvinnulífsskönnun í heild

### Upplýsingar um fyrirtæki – Tegund starfsemi

Heiti fyrirtækis/reksturs: \_\_\_\_\_

Heimilsfang: \_\_\_\_\_

Nafn forsvarsmanns/tengiliðs: \_\_\_\_\_

Netfang/sími forsvarsmanns/tengiliðs: \_\_\_\_\_

Stofnár fyrirtækis/reksturs? \_\_\_\_\_ Veffang? \_\_\_\_\_

---

### Tegund starfsemi

- |   |   |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Bankastarfsemi           | <input type="checkbox"/> Landbúnaður              |
| <input type="checkbox"/> Önnur fjármálastarfsemi  | <input type="checkbox"/> Verslun                  |
| <input type="checkbox"/> Opinber starfsemi – Ríki | <input type="checkbox"/> Önnur þjónusta           |
| <input type="checkbox"/> Opinber starfsemi – Bær  | <input type="checkbox"/> Fiskvinnsla              |
| <input type="checkbox"/> Lønnaður – þjónusta      | <input type="checkbox"/> Önnur matvælaframleiðsla |
| <input type="checkbox"/> Lønnaður – framleiðsla   | <input type="checkbox"/> Smábátaútgerð (< 6 tonn) |
| <input type="checkbox"/> Byggingariðnaður         | <input type="checkbox"/> Útgerð önnur             |
| <input type="checkbox"/> Ferðaþjónusta            | <input type="checkbox"/> Annað                    |
| <input type="checkbox"/> Samgöngur                | Hvað? _____                                       |

---

1. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2001? \_\_\_\_\_

2. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2001? \_\_\_\_\_

3. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2002? \_\_\_\_\_

4. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2002? \_\_\_\_\_

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

5. eru miklar árstíðabundnar sveiflur í starfsmannafjölda?

Já       Nei

6. Hverjar eru horfur á yfirstandandi ári varðandi fjölda starfsmanna?

Fjölgun       Óbreyttur       Fækkun

7. Hafa verið erfiðleikar við að fá fólk til starfa?

Já       Nei

8. Ef svarið var já við spurningu 7, merktu þá við hvaða hópur lýsir best menntun/eiginleikum starfsmanna sem leitað var eftir.

Ófaglærðir       Iðnmenntaðir       Aðrir sérhæfðir

Háskólamenntaðir

9. Hefur fyrirtækið mótaða starfsmannastefnu?

Já       Nei

10. Hver(t) er verkefnastaða/umfang starfsemi miðað við sama tíma fyrir ári síðan?

Betri/Aukið       Óbreytt       Dregist saman

11. Hefur velta fyrirtækis/reksturs breyst síðustu tvö ár?

Aukist       Óbreytt       Minnkað

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

12. Hvernig var afkoma fyrirtækis/reksturs á síðasta ári (2002)?

- Hagnaður       Á núlli       Tap

13. Hvernig metur þú horfur á afkomu fyrirtækis/reksturs á þessu rekstarári?

- Verður betri       Svipuð       Verður lakari

14. Hvaða þættir hafa neikvæðust rekstarleg áhrif?

- Flutningskostnaður/Samgöngur       Aðgengi að fjármagni  
 Skortur á sérhæfðu starfsfólki       Gengisþróun  
 Opinber gjöld og álögur       Annað

15. Merktu við þann valmöguleika sem best lýsir Internet-notkun fyrirtækis/reksturs.

- Tölvupóstur, bankaviðskipti og upplýsingaöflun.(Grunn\_notkun)  
 Grunn\_notkun ásamt vefsíðu.  
 Grunn\_notkun, vefsíða og virk markaðssetning.  
 Engin eða óveruleg netnotkun.

16. Nú verða taldir upp nokkrir þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja þar sem sveitarfélagið hefur bein áhrif á. Gefðu einkunn í hverju tilviki á bilinu 1 til 5. Einkunnin 1 merkir að þætti er mjög ábótavant og einkunnin 5 að þáttur sé til fyrirmyndar.

	1	2	3	4	5
Aðgengi að stjórnslu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skilvirkni stjórnslu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þjónustugjöld	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fasteignagjöld	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Atvinnustefna/-þróun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

17. Eftirtaldir þættir í þjónustu og afþreyingu í sveitarfélaginu hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því miklu í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Gefðu framboði/gæðum einstakra þátta einkunn með sama hætti og í spurningunni að ofan.

	1	2	3	4	5
Dagvistun/menntun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Æskulýðs-/íþróttastarf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Menningarframboð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Heilsugæsla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verslun/vöruverð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Húsnæðismarkaður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Samgöngur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

18. Við óskum eftir afstöðu þinni til þess að skrá grunnupplýsingar um fyrirtæki þitt í gagnagrunn sem verði aðgengilegur á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Grunnupplýsingar þessar eru; Nafn fyrirtækis, heimilisfang, tegund starfsemi, sími ásamt netfangi og veffangi þar sem við á.

- Samþykki veitt       Veiti ekki slíkt samþykki

19. Til þess að gera samskipti og upplýsingamiðlun Ísafjarðarbæjar og fyrirtækja/rekstraraðila auðveldari í framtíðinni þá er einfaldast að gera slíkt með rafrænum hætti, ef netfang er til staðar. Til að gera slíkt mögulegt þá er leitað eftir afstöðu þinni til þess að skrá netfang fyrirtækis/rekstraraðila á netfangalista.

- Samþykki veitt       Veiti ekki slíkt samþykki

20. Að lokum gefst þér kostur á að fá niðurstöður þessarar könnunar sendar þegar úrvinnslu er lokið. Veljið eftirfarandi;

- Fá niðurstöðu rafrænt       Fá niðurstöðu í skriflegu formi

Þá er þessari könnun lokið og við þökkum þér fyrir þína þáttöku.

# Atvinnulífskönnun í Ísafjarðarbæ

## Viðauki 2 : Bréf sem sent var út með könnun

Ágæti viðtakandi!

Unnið er að könnun á stöðu og þróun atvinnulífs í Ísafjarðarbæ á vegum Atvinnuálanefndar Ísafjarðarbæjar. Netheimum ehf. hefur verið falið að annast þann hluta könnunar sem felst í upplýsingaöflun og úrvinnslu gagna um fyrirtæki og rekstraraðila í Ísafjarðarbæ. Til þess að úrvinnsla gagna verði fljótlegri, einfaldari og áreiðanlegri er þér gefinn kostur á að svara þessari könnun rafrænt gegnum vefsíðu. Í þeim tilgangi að tryggja áreiðanleika gagna þá fær hver þátttakandi sérstakt notandaauðkenni og lykilorð (sjá leiðbeiningar) sem slá þarf inn áður en könnun er svarað. Svör við spurningum fara beint inn í gagnagrunn, jafnóðum og þeim er svarað. Gagnagrunnur er tengdur vefsíðu og svör verða ekki tengd þeim sem svarar.

Alls er um að ræða 20 fjölvals-spurningar sem flestar tengjast almennum upplýsingum um fyrirtæki og viðhorfum forsvarsmanns fyrirtækis/reksturs. Ekki er óskað eftir öðrum tölulegum upplýsingum um fyrirtæki/rekstur en meðalfjölda starfsmanna og stöðugilda rekstrarárin 2001 og 2002. Það er nauðsynlegt að forsvarsmaður hafi þær upplýsingar fyrirbyggjandi áður en könnun er svarað.

Það er von okkar að allir sem hafa aðgang að Internet-tengingu nýti sér þennan möguleika.

Hafir þú ekki aðgang að Internet-tengingu eða viljir þú svara könnuninni skriflega þá biðjum við þig að hafa samband við Netheima í síma 456-5006 eða undirritaðan í síma 894-2809 og þá sendum við þér gögn í pósti.

Það er afar mikilvægt að svörun verði góð þannig að niðurstöður gagnavinnslu verði eins traustar og kostur er.

Meðfylgjandi er blað með leiðbeiningum um könnun sem framkvæmd er með rafrænum hætti.

Með von um skjót og góð viðbrögð,

f. h. Netheima ehf.

Lárus G. Valdimarsson

(larus@netheimar.com)

# Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

## Leiðbeiningar fyrir rafræna könnun.

Vinsamlega athugið að eftir að könnun er hafin þá má ekki líða meira en 20 mínútur á milli svara við einstökum spurningum. Ef samband við miðlaðra rofnar vegna þess að of langur tími hefur liðið milli svara við einstökum spurningum, þá er hægt að byrja á könnun aftur en fyrri svör eyðast út þannig að endurtaka þarf könnun frá byrjun. Mikilvægt er að svara öllum spurningum í einni lotu og í réttri röð. Íhugið því svar vel áður en það er staðfest.

Vinsamlega hafið samband við Netheima ef einhver vandamál koma upp við framkvæmd könnunar.

Flestar spurningar gefa einungis kost á að velja einn möguleika þannig að mikilvægt er að velja þann sem best á við hverju sinni.

Við upphaf könnunar gefst kostur á að leiðrétta og bæta grunnupplýsingar um fyrirtæki/rekstur. Næst kemur flokkun á tegund starfsemi, hér er mikilvægt að valið sé með hliðsjón af meginstarfsemi fyrirtækis/reksturs. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða fjölbætta starfsemi, t.d. útgerð og fiskvinnslu, þá er merkt við báða flokka. Reynt er að hafa flokkun þessa með þeim hætti að hún gefi sem gleggsta mynd af atvinnugreina-skiptingu í bæjarfélaginu.

Í spurningum 1 til 4 er óskað eftir upplýsingum um fjölda stöðugilda og starfsmanna rekstarárin 2001 og 2002. Liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um slíkt þá er óskað eftir mati forsvarsmanns á þessum fjölda samkvæmt bestu vitund.

Í spurningu 14 þá er merkt við ( Annað) ef enginn hinna kostanna á við.

Í spurningum 16 og 17 er leitað eftir viðhorfum til einstakra þátta er varða þjónustu og umhverfi, þar er óskað eftir að menn meti hvern þátt sérstaklega.

Að lokum viljum við biðja þig um að svara þessari könnun eigi síðar en 19.maí n.k. og helst eins fljótt og mögulegt er. Einnig biðjum við þig um að hafa hugfast að þær upplýsingar sem fyrir liggja um stöðu atvinnulífs í bæjarfélagsins nýtast í stefnumótun og baráttu fyrir öflugra atvinnulífi til framtíðar.


## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

### Viðauki 3 : Samanburður úr viðhorfsspurningum 16 og 17

**16. Nú verða taldir upp nokkrir þættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja þar sem sveitarfélagið hefur bein áhrif á. Gefðu einkunn í hverju tilviki á bilinu 1 til 5. Einkunnin 1 merkir að þætti er mjög ábótavant og einkunnin 5 að þáttur sé til fyrirmyndar.**

Að neðan birtist tafla yfir niðurstöður allra þátta úr viðhorfsspurningu 16 og síðan eru þær niðurstöður dregnar saman og birtar eftir einkunnagjöf í stöplaritinu. Með þessu má bera saman dreifingu einkunna milli ólíkra þátta á heildrænan hátt. Niðurstöður úr spurningu 17 eru birtar með sama hætti.

	1	2	3	4	5
Aðgengi að stjórnsýslu	9,60%	8,50%	26,60%	28,70%	26,60%
Skilvirkni stjórnsýslu	8,70%	19,80%	35,20%	20,90%	15,40%
Þjónustugjöld	22,20%	23,20%	39,50%	10,50%	4,60%
Fasteignagjöld	11,40%	22,80%	54,40%	7,60%	3,80%
Atvinnustefna/-þróun	31,10%	19,50%	34,50%	11,50%	3,40%



## Atvinnulífsskönnun í Ísafjarðarbæ

**17. Eftirtaldir þættir í þjónustu og afbreytingu í sveitarfélaginu hafa áhrif á búsetuskilyrði íbúa og skipta því miklu í samkeppni fyrirtækja um hæft starfsfólk. Gefðu framboði/gæðum einstakra þátta einkunn með sama hætti og í spurningunni að ofan.**

	1	2	3	4	5
Dagvistun/menntun	4,30%	7,70%	18,70%	39,60%	29,70%
Æskulýðs-/íþróttastarf	3,40%	13,00%	21,70%	41,30%	20,60%
Menningarframboð	3,30%	3,30%	14,30%	26,40%	52,70%
Heilsugæsla	4,40%	6,50%	21,70%	34,80%	32,60%
Verslun/vöruverð	4,40%	6,50%	21,70%	41,30%	26,10%
Húsnæðismarkaður	9,80%	14,30%	37,40%	25,30%	13,20%
Samgöngur	11,10%	24,40%	25,60%	23,30%	15,60%

